

Bandalag íslenskra listamanna
Federation of Icelandic artists

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

Reykjavík 5. mars 2014

Umsögn um þingmál 267 á þingskjali 503; um sóknaráætlun skapandi greina

Stjórn Bandalags íslenskra listamanna hefur, að beiðni allsherjar- og menntamálanefndar, fjallað um ofangreinda tillögu og vill koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Í greinargerð með tillögunni er getið um tillögu Alþingis nr. 22 sem samþykkt var á 139. löggjafarþingi hinn 7. apríl 2011. Sú tillaga var flutt af menntamálanefnd þingsins og hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að koma á formlegum samstarfsvettvangi með aðild fulltrúa allra stjórnmálaflokka, iðnaðarráðuneytis og fulltrúa skapandi greina sem hafi það hlutverk að ræða starfsumhverfi skapandi greina á Íslandi og móta tillögur um hvernig megi styrkja stöðu þeirra í íslensku atvinnulífi. Lagt verði mat á hvernig opinber stuðningur nýtist skapandi greinum, forsendur úthlutunar og eftirlit með ráðstöfun fjárveitinga. Sérstaklega verði leitað leiða til að bæta rekstrarskilyrði skapandi greina á Íslandi, fjölga menntaúrræðum og störfum auk þess að ýta undir nýsköpun innan skapandi greina. Niðurstöðum verði skilað til Alþingis fyrir 1. október 2011.

Tillagan var samþykkt samhljóða með atkvæðum fimmtíu og tveggja þingmanna allra flokka, þ.á.m. atkvæðum núverandi forsætisráðherra Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og núverandi formanns allsherjar- og menntamálanefndar Unnar Brár Konráðsdóttur. Á grundvelli tillögunnar var svo settur á laggirnar starfshópur sá sem vann skýrsluna *Skapandi greinar – Sýn til framtíðar* og í kjölfarið var skipað þverfaglegt teymi sem fékk það verkefni að yfirfara tillögur skýrslunnar með það að markmiði að innleiða þær og koma greinunum fyrir með formlegum hætti innan stjórnarsýslunnar. Eftir því sem stjórn BÍL kemst næst þá mun þetta teymi vera að stöfum undir forystu Karíasar Gunnarsdóttur skrifstofustjóra á menningarskrifstofu mennta- og menningarmálaráðuneytisins, en það hefur því miður verið hljótt um störf þess frá því að það tók til starfa.


Í tillögum skýrslunnar [Skapandi greinar – Sýn til framtíðar](#) er komið inn á flesta þá þætti sem þingsályktunartillagan frá 2011 gerði ráð fyrir; þar má nefna formlegan samstarfsvettvang um málefni skapandi greina, einnig er í skýrslunni greinargott yfirlit yfir starfsumhverfi greinanna og tillögur um bættu stöðu þeirra í íslensku atvinnulífi. Þá hefur skýrslan að geyma greinargott yfirlit yfir opinberan stuðning við listir og tillögur að styrkingu þess kerfis sem unnið hefur verið eftir. Loks er komið inn á menntamálin og varpað fram hugmyndum um frekari aðgerðir í þágu bættrar menntunar í listum og skapandi greinum á öllum skólastigum, en sem fyrr segir þá eru allar þessar tillögur til meðferðar hjá samstarfshópi þeim sem settur var á laggirnar í framhaldi af útkomu skýrslunnar 2012.

Það er mat stjórnar BÍL að mikið starf hafi verið unnið til að búa í haginn fyrir öflugra sókn í málefnum skapandi greina. Það var því mikið áfall þegar ljóst var að sameiginlegt átak geirans og stjórnvalda, sem staðið hafði í fjörgur ár, var ekki virt sem skyldi í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar 2014. Það er óþarfi að rekja hér rúmlega 600 milljóna niðurskurð á fjárveitingum til verkefnatengdra sjóða lista og skapandi greina á yfirstandandi ári, en látið nægja að benda á umsögn BÍL um fjárlagafrumvarp 2014, sem aðgengileg er á vef Alþingis og [vefsíðu BÍL](#).

Stjórn BÍL leggur áherslu á mikilvægi þess að nú verði blásið til endurnýjaðrar sóknar í atvinnumálum listafólks og skapandi fólks og lýsir einlægum vilja til samstarfs um það verkefni. Það er mikilvægt að teymi það sem sett var á laggirnar innan stjórnarsýslunnar 2012 fái áframhaldandi umboð til að starfa á grundvelli tillagna skýrslunnar *Skapandi greinar – Sýn til framtíðar*. Einnig er mikilvægt að haldið verði áfram þeirri vinnu sem komin var áleiðis undir hatti Hagstofu Íslands að finna leiðir til að skapandi atvinnugreinar verði sjálfsagður þáttur þjóðhagsreikninga, en það verkefni fór raunar að hiksta þegar ljóst var að fjármunir þeir, sem gert var ráð fyrir að kæmu inn í það verkefni í formi IPA-styrkja ESB, myndu ekki skila sér. Til frekari áréttingar því sem hér hefur verið nefnt fylgir umsögn þessari [starfsáætlun BÍL](#), sem samþykkt var á aðalfundi BÍL 8. febrúar sl.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar BÍL - Bandalags íslenskra listamanna,

Kolbrún Halldórsdóttir, forseti



Bandalag íslenskra listamanna *Federation of Icelandic artists*

Starfsáætlun BÍL 2014

- BÍL verður áfram virkur þátttakandi í stefnumótun á vettvangi skapandi atvinnugreina innan stjórnkerfis ríkis og sveitarfélaga sem og atvinnulífsins. Talsverð vinna hefur verið lögð í stefnumótun einstakra listgreina og mikilvægt að heildarsamtök listamanna þrýsti á um innleiðingu og eftirfylgni þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið, t.d. menningarstefnu samþykktri á Alþingi 6.03.2013. BÍL mun leggja áherslu á þátt listanna í þróun skapandi atvinnugreina um land allt og mikilvægt samspil lista, menningar og atvinnulífs.
- BÍL standi vörð um þá uppbyggingu sjóðakerfis sem unnið hefur verið að á undanförunum árum, leggi áherslu á lifandi samspil launasjóða og verkefnatengdra sjóða og haldi áfram góðu samstarfi við stjórn listamannalauna um þau mál. Þróaðar verði hugmyndir um eflingu launasjóða listafólks og lögð áhersla á aukna fagmennsku við úthlutun opinberra fjármuna til lista og menningar.
- BÍL beiti sér fyrir því að töluleg gögn Hagstofu Íslands um störf listafólks og annarra í skapandi geiranum gefi sem gleggsta mynd af stöðu greinanna, með það að markmiði að listir og menning verði sjálfsagður hluti þjóðhagsreikninga. BÍL leggi sitt af mörkum til að listafólk sé rétt skráð í atvinnugreinaflokkum hjá skattinum, m.a. til að tryggja að stjórnvöld hafi sem réttastar upplýsingar um störf innan geirans. Þannig verður auðveldara að meta þjóðhagslegt vægi lista og menningar.
- BÍL vinni áfram að sameiginlegum hagsmunum listafólks varðandi skattlagningu. BÍL endurnýi áherslur sínar í skattamálum og beiti sér í baráttunni fyrir sem sanngjarnastri skattlagningu á störf og afurðir listamanna. Einnig þarf BÍL að sinna hagsmunum listamanna hjá samfélagsstofnunum á borð við Vinnumálastofnun og Tryggingarstofnun.
- Samningur BÍL við mennta- og menningarmálaráðuneytið er forsenda þess að BÍL geti veitt stjórnvöldum nauðsynlega ráðgjöf í málefnum listanna. Mikilvægt er að framlag ríkisins til starfsemi BÍL haldi verðgildi sínu milli ára og sé ekki lægra að raunvirði en það var í upphafi samningstímans 2010. Til að svo megi verða þarf að auka skilning stjórnvalda á því þýðingarmikla starfi sem listafólk gegnir í samfélaginu.
- BÍL leiti einnig nýrra leiða til að styrkja fjárhagslega stöðu sína með það að markmiði að ráða starfskraft til að slagkraftinn í hagsmunabaráttu listamanna. Í ljósi vaxandi áhuga á uppbyggingu skapandi atvinnugreina, jafnt meðal stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, er mikilvægt að BÍL hafi bolmagn til að taka virkan þátt í þeirri uppbyggingu með heildarhagsmunum listamanna að leiðarljósi.
- Það þjónar heildarhagsmunum listamanna að heimasíða BÍL verði þróuð áfram og hún gerð að vettvangi skoðanaskipta um listir, auk þess sem hún miðli greinum frá listafólki og samtökum þeirra, auk upplýsinga um BÍL á erlendum tungumálum og það alþjóðlega samstarf sem BÍL á þátt í. BÍL er orðið sýnilegt á samskiptamiðlum og þann sýnileika þarf að efla enn frekar, en til að áform um öflugri heimasíðu gangi eftir þarf aukið rekstrarfé.
- BÍL beiti sér í baráttunni fyrir bættri listmenntun á öllum skólastigum, með því að auka samskipti við yfirvöld menntamála jafnt á vettvangi ríkis sem og sveitarstjórna. Í því skyni leiti BÍL leiða til að styrkja verkefni sem byggja á samspili listar og skólastarfs með norska „menningar-bakpokann“ til viðmiðunar. Þá taki BÍL þátt í eflingu háskólanáms í listum og stuðli að virkara samtali listamanna og Listaháskóla Íslands m.a. með þátttöku í uppbyggingu formlegs samráðsvettvangs á vettvangi LHÍ.

- BÍL taki virkan þátt í að bæta lagaumhverfi á sviði lista lista og menningar. Fylgja þarf eftir hugmyndum aðildarfélaganna BÍL um styrkari stöðu lista og menningar innan RÚV ohf, í því sambandi er ályktun ársfundar BÍL 2011 enn í fullu gildi. Mikilvægt er að Ríkisútvarpið axli ábyrgð sem einn af hornsteinum íslenskrar menningar með því að veita íslenskri menningu aukið rými í dagskrá og að tryggja vandaða umfjöllun um störf listamanna.
- BÍL vinni að uppbyggingu atvinnutækifæra fyrir listafólk um land allt, m.a. með þátttöku í verkefnum á vettvangi landshlutasamtaka sveitarfélaga. Þá leggi BÍL rækt við samstarf við Samtök skapandi greina, Íslandsstofu, Nýsköpunarmiðstöð og aðra þá sem hagsmuni hafa af uppbyggingu atvinnutækifæra fyrir skapandi fólk.
- BÍL leggi rækt við norrænt og alþjóðlegt samstarf, m.a. á vettvangi höfundarréttarmála í samstarfi við systursamtök á Norðurlöndunum og innan ESB. Þá leggi BÍL sig eftir samstarfi við söfn og aðrar stofnanir sem sunda miðlun og rannsóknir á listum og menningararfi. Mikilvægt er að fagfélög listamanna verði sýnileg á þeim vettvangi, m.a. með því að taka þátt í fundum og málþingum. Þá undirbúi BÍL málþing á árinu um ólíka stöðu kynjanna innan listgreinanna.